



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar FUNDUR – 7. júní 2005

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 68. fundar þriðjudaginn 7. júní 2005 kl. 17:00 í Félagsheimilinu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Kosningar:
 - a. Kjör forseta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar.
 - b. Kjör 1. varaforseta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar.
 - c. Kjör 2. varaforseta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar.
 - d. Kjör 3. aðalfulltrúa og 3. varafulltrúa í bæjarráð Blönduóssbæjar.
 - e. Breytingar á fulltrúum í nefndum Blönduóssbæjar.
2. Fundargerð bæjarráðs frá 26. maí.
3. Fundargerð fræðslu-, íþrótt- og tómstundanevndar frá 23. maí.
4. Fundargerð húsnæðisnevndar frá 1. júní.
5. Erindi Skagafjarðarveitna og Norðurorku vegna sölu hitaveitu.
6. Atvinnumál.

Afgreiðslur:

1. Kosningar.
 - a. Kjör forseta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar. Tillaga kom um Valgarð Hilmarsson, það var samþykkt samhljóða.
 - b. Kjör 1. varaforseta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar. Tillaga kom um Sigurð Jóhannesson, það var samþykkt samhljóða.
 - c. Kjör 2. varaforseta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar. Tillaga kom fram um Þórdísi Hjálmarsdóttur og það samþykkt samhljóða.
 - d. Kjör 3. aðalfulltrúa og 3 varafulltrúa í bæjarráð Blönduóssbæjar. Tillaga kom fram um þessa sem aðalmenn.

Ágúst Þór Bragason,
Jóhönnu G. Jónasdóttur,
Valdimar Guðmannsson.

Þessir tilnefndir sem varamenn.

Sigurður Jóhannesson,
Valgarður Hilmarsson,
Þórdís Hjálmarsdóttir.

Tillögurnar samþykktar samhljóða.

- e. Breytingar á fulltrúum í nefndum Blönduóssbæjar. H-listinn tilnefni Jóhönnu G. Jónasdóttur sem aðalfulltrúa í menningar- og safnanefnd í stað Soffíu M. Gústafsdóttur og til vara Valgarð Hilmarsson.
2. Fundargerð 124. fundar bæjarráðs frá 26. maí sl. í 7 liðum kynnt og tekin til afgreiðslu. Að umræðum loknum bar forseti fundargerðina undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.
 3. Fundargerð fræðslu-, íþrótt- og tómsfundanefndar í 5 liðum frá 23. maí sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
 4. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 1. júní sl. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin sem er í 2 liðum borin upp og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.
 5. Erindi Skagafjarðaveitna og Norðurorku vegna sölu hitaveitu. Óskað var eftir að svohljóðandi bókun sé gerð vegna erindis Skagafjarðarveitna. *„Á sameiginlegum fundi fulltrúa Blönduóssbæjar og Skagafjarðarveitna hinn 9. september 2004 kom skýrt fram að fulltrúum Blönduóssbæjar hafi verið falið að kanna flöt á sölu hitaveitunnar, samanber bókun bæjarstjórnarfundar á Blönduósi 18. maí 2004. Frá umræddum sameiginlegum fundi í september 2004 og þar til sala Hitaveitu Blönduóss var staðfest í bæjarstjórn í maí 2005 liðu hins vegar 7 mánuðir. Allan þann tíma var fulltrúum Skagafjarðarveitna velkomið að ganga til samningaviðræðna um kaup á Hitaveitu Blönduóss.“* Bókunin samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Þá var óskað eftir svohljóðandi bókun vegna erindis Norðurorku h/f vegna sölu á hitaveitu Blönduóss. *„Á sameiginlegum fundi fulltrúa Blönduóssbæjar og Norðurorku h/f hinn 1. október 2004 kom skýrt fram að fulltrúum Blönduóssbæjar hafi verið falið að kanna flöt á sölu hitaveitunnar samanber bókun bæjarstjórnarfundar á Blönduósi 18. maí 2004. Frá umræddum sameiginlegum fundi í október 2004 og þar til sala Hitaveitu Blönduóss var staðfest í bæjarstjórn í maí 2005 liðu hins vegar 6 mánuðir. Allan þann tíma var fulltrúum Norðurorku h/f velkomið að ganga til samningaviðræðna um kaup á Hitaveitu Blönduóss. Því er fullyrðingum um „ámælisverð vinnubrögð“ vísað til föðurhúsanna og það ítrekað að á því hálfari ári sem leið frá sameiginlegum fundi fulltrúa Blönduóssbæjar og Norðurorku h/f sýnir fyrirtækið ekki áhuga á að kaupa Hitaveitu Blönduóss“. Bókunin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.*

6. Atvinnumál.
Óskað var eftir svohljóðandi bókun. *„Í bréfi dagsettu 26. maí 2005 ritaði bæjarstjóri bréf fyrir hönd bæjarstjórnar til Byggðastofnunar þar sem þess er farið á leit við Byggðastofnun að ákvarðanataka í tengslum við sölu á fasteigninni að Efstubraut 1, Blönduósi, verði frestað. Bæjarstjórn Blönduóssbæjar telur að hér séu á ferð miklir hagsmunir í atvinnulegu tilliti fyrir allt héraðið og hefur nú fengið undirritaða viljayfirlýsingu frá tveimur fyrirtækjum í sjávarútvegi á staðnum, þar sem lýst er yfir vilja af hendi beggja aðila að ganga til viðræðna og kanna flöt á samstarfi í sjávarútvegi. Er bæjarstjóra falið að koma á sameiginlegum fundi bæjarráðs og forsvarsmanna Hafrúnar ehf. og Norðuróss ehf. við fyrstu hentugleika þar sem sameiginlegur samstarfsvettvangur beggja fyrirtækja yrði ræddur.“* Bókunin samþykkt með 4 atkvæðum, 3 sátu hjá.

Bæjarfulltrúar Á-listans óskuðu eftir svohljóðandi bókun. „Við undirritaðir bæjarfulltrúar Á-listans gerum alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð meirihluta bæjarstjórnar Blönduóssbæjar varðandi aðkomu að hugsanlegum kaupum á Efstubraut 1, Blönduósi. Í fyrsta lagi gerum við athugasemd varðandi bréf sem bæjarstjóri sendi fyrir hönd bæjarstjórnar til Byggðastofnunar, dagsett 26. maí 2005, þar sem m.a. er óskað eftir að sölu fasteignarinnar Efstubraut 1 verði frestað til 1. september 2005. Ljóst er að innihald þessa bréfs var aldrei til umræðu í bæjarstjórn Blönduóssbæjar. Í öðru lagi er það með öllu óskiljanlegt að ekki skuli hafa verið rætt í bæjarráði innihald bréfa sem send voru Hafrúnu ehf. og Norðurós ehf. dagsett 2. júní 2005, ásamt viljayfirlýsingu sem fyrirtækjunum var gefin kostur á að skrifa undir. Þar sem bæjarráð fer með atvinnumál er ljóst að gróflega var gengið framhjá bæjarráði. Í þriðja lagi er aðkoma Skúlahorns ehf. að tilboði í húsnæði Efstubrautar 1 með ólíkindum þar sem málið var hvorki rætt á hluthafafundi Skúlahorns ehf. né bæjarráði, áður en tilboðið var gert. Það er álit okkar að svona vinnubrögð gangi ekki. Bæjarstjórn Blönduóssbæjar þarf að standa saman í málum sem þessum.“ Undir bókunina rita þau Þórdís Hjálmarsdóttir og Valdimar Guðmannsson.

Fram var lögð svohljóðandi tillaga.

„Bæjarstjórn samþykkir samhljóða að fyrirhuguðum íbúafundi um atvinnumál verði frestað til haustsins 2005.“

Tillagan borin undir atkvæði, hún var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

Þá var lögð fram áskorun um stuðning við iðjuver, sem bæjarstjórn samþykkti samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:00.

Valgarður Hilmarsson
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Hjördís Blöndal
Jóhanna G. Jónasdóttir
Sigurður Jóhannesson
Margrét Einarsdóttir
Valdimar Guðmannsson
Þórdís Hjálmarsdóttir

Ragnar Ingi Tómasson